

## Aðalfundur FT - 31. maí 2018

Á aðalfund FT voru mættir 23 samkvæmt mætingarlista.

Klukkan 17:10 setur Hrafn Þorvaldsson, formaður FT, aðalfund Ft. Stingur upp á Björgvini Áskelssyni sem fundarstjóra - Samþykkt. Stungið er upp á Einari Indriðasyni sem fundarritara - samþykkt.

Björgvin tekur við, kannar lögmæti fundar. Fundur lögmætur, boðaður með réttum fyrirvara. Við upphaf aðalfundar eru 15 aðilar mættir, fyrir utan sitjandi stjórn.

Dagskrá er samkvæmt lögum FT:

- 1) Skýrsla um störf stjórnar á undanfögnu ári. Hrafn Þorvaldsson flytur. (Þarf rafrænt eintak frá Hrafn.)
- 2) Reikningsskil - Haukur
- 3) Lagabreytingar. Engar tillögur til lagabreytinga bárust.
- 4) Kosning nýrrar stjórnar:
  - a) Hrafn gefur kost á sér til áframhaldandi formennsku. Ekki kom mótframboð. Samþykktur einhljóma.
  - b) Núverandi stjórn býður sig fram áfram. Ekki komu mótframboð. Núverandi stjórn er því sjálfkjörin.
  - c) Varamenn: Björgvin Áskelsson og Einar Örn Gissurarson bjóða sig fram. Aðrir bjóða sig ekki fram til varamanna. Björgvin og Einar Örn því sjálfkjörnir.
- 5) Skoðunarmenn reikninga. Samkvæmt hefð er stungið upp á Kjartani Guðmundssyni, og Ívari Guðmundssyni. Aðrar uppástungur bárust ekki. Kjartan og Ívar eru því skoðunarmenn reikninga
- 6) Ákvörðun félagsgjalda. Uppástunga barst um að halda núverandi félagsgjaldi, krónur 3.000,- IKR. Aðrar tillögur bárust ekki. Félagsgjaldið er því áfram 3.000,- IKR.
- 7) Önnur mál. Síðasta mál á opinberri dagskrá. Fjölða mála bar á góma:

BA/Birna ræddu aðeins um samstarf við VFÍ, og ferðahóp hjá þeim (virkur einstaklingur þar, heitir Benedikt), upp á að fara að skipuleggja ferðalög innan FT. Gætu t.d. verið vísindaferðir til útlanda:  
- Silicon Valley  
- Cern  
- Stokkhólmur

Hvernig? Á FT að borga alfarið? Nei, frekar að auglýsa og tengja fólk saman. Kannski frekar að stéttarfélagið og þess menntasjóður hjálpi til frekar.

FT á sem sagt að hjálpa til við að græja þetta, en ekki borga þetta - FT hjálpar til við ráðstefnur. Fundarmenn hafa áhuga á að skoða þetta nánar. FT gæti verið "frontur" sem fagfélag. Vísað til stjórnar til frekari skoðunar.

FT mætti vera með fleiri “vinnustofur”. Talað um AWS vinnustofuna, þar var pláss fyrir 30, en 22 mættu. Fundarmenn voru mjög áhugasamir um vinnustofur, á alls konar sviðum. Uppástungur að efnum fyrir vinnustofur:

- Django (Árni Steingrímur)
- AWS
- Meira hands on
- Kubernetes / Cloud / Docker
- .NET
- NodeJS(?) (nei, fundurinn vildi meina að NodeJS væri ekki vinnustofu-fært.)
- Clojure
- Öryggismál
- GDPR (persónuverndarlöggjöf ESB)

Á FT að hætta með hádegisfundi? Nei, alls ekki. Vinnustofur og hádegisfundir geta alveg unnið saman.

Heiða Dögg Jónsdóttir benti á að ný síða FT.is gæti alveg verið með “áhugaverða hlekki” síðu, þar sem væri vísað í áhugaverðar síður hér og þar, jafnvel raðað eftir viðfangsefni / áhugamálum...

Kjartan: Það þyrfti að opna pósthólfið oftar, og sækja bréfpóst. BA svarar og segir það kosta 990,- IKR á mánuði að fá framsendingu (t.d. á VFÍ).

Spurt er: Á að breyta lögheimili? Það er víst aðeins meira mál heldur en bara segja það. Þá verður FT “sýnilegur hluti” af VFÍ - það veldur flækju. Ekki fara þá leið.

Heiða Dögg: Bæta við möguleikum á “tagging” á prófíla á ft.is. (Viðkomandi notandi geti þá bætt við “lykilorðum” (töggum) til að beina athygli að (eða frá) því sem viðkomandi kann/gerir/hefur áhuga á.

Fá nýtt fólk í FT / ST. Einu sinni var það gert sjálfkrafa, en ekki lengur. Þrátt fyrir kynningar fyrir nemendur í HÍ og HR 2svar á ári, þá eru nemendur ekki að skila sér inn nægilega vel. Margir nemendur vita ekki einu sinni af FT / ST.

Nemendafélögin; það þarf að hafa meiri tengsl við þau. Í dag er erfitt að hafa samband við þau, en kannski þarf bara að bora dýpra. Hrafn stingur upp á: Micro kynning / Vísindaferðir.

Hafa vísindaferðir með nemendum í tölvunarfræðinni, gæti alveg verið ágæt hugmynd. Stungið upp á vísindaferðum á föstudögum klukkan 17-19. Það gæti trekkst eitthvað af nemendum að....

En hvað með Vísindaferðir fyrir FT? (ekki nemendur)? Kvöldfundur? Format á “vinnustofuna”? Pizza og bjór? Já, mætti kanna það.

Kannski ætti að hafa FT party, á tja... 3ggja mánaða fresti? Karaókí?

Hefur fækkað í FT? Nei, en félagsgjöldin hafa verið innheimt svoldið “random”.... (tímalega séð)

Skoða lög um eftirlaunamenn, 65 ára, að fella niður félagsgjöld fyrir slíka aðila? Eða helminga þau? Stjórn skoði.

Væri ágætt að ræða við /sys/tur í HR, til að búa til samvinnuvetvang.

Eftir þetta tók BA við aftur, og sleit aðalfundi.

